



Samningur

milli Skiltagerðar Norðurlands kt. 600906-0110 og Menntaskólans á Tröllaskaga 690310-0820 um samstarf, ráðgjöf, kennslu og samnýtingu á tækjum og búnaði aðallega í tengslum við ArtFabLab¹.

1. grein

Skiltagerð Norðurlands veitir nemendum og starfsmönnum aðgang að fræsara og leiserskera undir eftirliti ásamt öðrum búnaði eftir samkomulagi hverju sinni.

2. grein

Menntaskólinn á Tröllaskaga veitir starfsmönnum Skiltagerðar Norðurlands aðgang að leiserskera og þrívíddarprentara eftir samkomulagi hverju sinni.

3. grein

Skiltagerð Norðurlands tekur að sér að vera ráðgefandi um notkun fræsara, leiserskera, þrívíddarprentara, vínillskera og annars búnaðar, ef við á, við starfsmenn skólans sem eru að nýta búnaðinn til kennslu.

4. grein

Skiltagerð Norðurlands getur tekið að sér kennslu nemenda á tæki og búnað í samstarfi við kennara skólans.

5. grein

Skiltagerð Norðurlands og Menntaskólinn á Tröllaskaga munu þróa saman hugmyndir og útfærslu kennslu í tengslum við ArtFabLab bæði til kennslu sem og í samfélagi sínu.

Nánari útfærsla á greiðslum fyrir vinnu verður gerð sérstaklega.

Tómas Atli Einarsson
framkvæmdastjóri

Lára Stefánsdóttir
skólameistari

Ólafsfirði 15.09.2025

¹ ArtFabLab samanstendur af tækjum og búnaði til að þróa sköpun, hönnun og list.